

Geðsjúkir:

Ákvörðun um nám frestað

MENNTAMÁL Enn liggur ekki fyrir hvort vel á annað hundrað einstaklingar fái möguleika á áframhaldandi menntun hjá Fjölmennt og Geðhjálp. Ákvörðun hefur verið frestað fram í næstu viku vegna fjarveru Geirs H. Haarde fjármálaráðherra.

Helgi Jósefsson, verkefnisstjóri Fjölmennar, sagði, að menntunarmál geðsjúkra hefðu verið tekin fyrir á ríkisstjórnarfundum fyrr í vikunni. Ekki hefði verið hægt að afgreiða þau þá vegna fjarveru fjármálaráðherra. Ákvörðun lægi því ekki fyrir fyrr en eftir ríkisstjórnarfund í næstu viku.

„En ég er bjartsýnn,“ sagði Helgi, sem hefur ásamt fleirum unnið að lausn málsins. ■